



Greining á gögnum um sérkennslu frá Hagstofu Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skýrslugerð:

Sigrún Sif Jóelsdóttir

Steingerður Ólafsdóttir

Lára Rún Sigurvinsdóttir

Dóra S. Bjarnason

Anna Kristín Sigurðardóttir

Kristín Erla Harðardóttir

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands

Nóvember 2014

Samantekt og greining unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið í samstarfi við Menntavísindastofnun og Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar (RSÁA), Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	2
1 INNGANGUR	4
2 ÚTSÝRINGAR Á HUGTÖKUM	6
3 GÖGN OG AÐFERÐIR	8
3.1 GÖGN.....	8
3.2 NOTKUN GAGNA.....	9
4 NIÐURSTÖÐUR: SÉRKENNSLA OG FORMLEG GREINING	11
4.1 HEILDARFJÖLDI GRUNNSKÓLA OG GRUNNSKÓLANEMA.....	11
4.2 NEMENDUR SEM FÁ SÉRKENNSLU OG NEMENDUR MEÐ FORMLEGA GREININGU.....	13
4.3 SÉRKENNSLA OG FORMLEG GREINING Á VANDA NEMENDA: LANDSHLUTAR.....	16
5 NIÐURSTÖÐUR: NEMENDUR EFTIR KYNI	21
5.1 FORMLEG GREINING OG STUÐNINGUR TIL NÁMS: ÁR, KYN OG BEKKIR.....	21
5.1.1 <i>Formleg greining og stuðningur til náms eftir kyni og landshluta</i>	26
5.1.2 <i>Nemendur með formlega greiningu, stuðning til íslenskunáms og í sérdeild eftir bekkjum</i> 28	
5.2 NEMENDUR SEM FÁ SÉRKENNSLU EÐA STUÐNING.....	31
5.2.1 <i>Fyrirkomulag sérkennslu: Innan bekkjar, utan bekkjar og blandað</i>	32
5.2.2 <i>Nemendur sem fá sérkennslu: Kynjaskipting eftir árum, landshlutum og bekk</i>	37
6 NIÐURSTÖÐUR: NEMENDUR Í GRUNNSKÓLUM ÍSLANDS MEÐ ERLENT MÓÐURMÁL	40
7 NIÐURSTÖÐUR: REKSTRARFORM GRUNNSKÓLA OG FJÖLDI Í BEKK	47
7.1 FJÖLDI NEMENDA Í BEKK.....	48
8 NIÐURSTÖÐUR: STARFSFÓLK Í GRUNNSKÓLUM, STARFSSVIÐ, KENNSLURÉTTINDI OG BAKGRUNNUR	51
8.1 SKÓLASTJÓRAR.....	51
8.2 KENNDARAR.....	53
8.3 ALDUR OG KYN SÉRKENNARA.....	58
8.4 ALDUR OG KYN STUÐNINGSFULLTRÚA.....	62
8.5 BROTHVARF ÚR STARFI.....	68
9 HEIMILDASKRÁ	71
10 VIÐAUKI	72

SAMANTEKT

Hagstofa Íslands lét í té gagnasöfn fyrir níu aðgreinda flokka um nemendur og starfsfólk grunnskóla á Íslandi til nánari úrvinnslu í skýrslu þessari: Nemendur sem fá sérkennslu eða stuðning, sérkennslunemendur með formlega greiningu og stuðning til náms, nemendur með erlent móðurmál, rekstrarform grunnskóla, meðalfjöldi nemenda í bekk, starfssvið og réttindi starfsfólks í grunnskólum, bakgrunn sérkennara og stuðningsfulltrúa og brotthvarf starfsfólks við kennslu í grunnskólum. Unnið var úr gögnunum eftir landshlutum, kyni, árum og bekkjum.

Grunnskólanemum hefur fækkað frá árinu 2004 til 2012 en nemendum í sérkennslu og með formlega greiningu hefur fjölgað. Hlutfall nemenda sem nýtur sérkennslu af heildarfjölda grunnskólanema á landinu var 26% síðasta árið sem gögnin ná til (2012). Vesturland og Austurland voru með hæsta hlutfall grunnskólanema í sérkennslu eða 32% árið 2012. Drengir eru í meirihluta þeirra sem fá sérkennslu og er kynjahlutfallið nokkuð stöðugt yfir allt tímabilið sem um ræðir þannig að drengir voru um 61-62% og stúlkur 38-39%. Þeir sem fá sérkennslu eru hlutfallslega fleiri en þeir sem eru með formlega greiningu og stuðning til náms. Hlutfall nemenda með formlega greiningu og stuðning til náms af heildarfjölda grunnskólanema var 16% árið 2012 á meðan hlutfall þeirra sem naut sérkennslu var 26% sama ár. Tvöfalt fleiri drengir voru með formlega greiningu og stuðning¹ til náms heldur en stúlkur árin 2010-2012.

Fjöldi grunnskólanemenda sem hafa erlent móðurmál hefur tvöfaldast á árunum 2003 til 2012 og voru grunnskólanemar með erlent móðurmál 2.663 á landinu öllu árið 2012 eða 6,2% af heildarfjölda nemenda. Kynjahlutfall er jafnt en hæsta hlutfall nemenda með erlent móðurmál af heildarfjölda í landshluta var um 10% á Suðurnesjum og Vestfjörðum árið 2012.

¹ Flokkurinn *Sérkennslunemendur með formlega greiningu og stuðning til náms* skiptist í nemendur með formlega greiningu frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og öðrum aðilum, nemendur sem fá stuðning í íslensku og nemendur sem stunda nám í sérdeild.

Árið 2012 voru enn þrír stjórnendur innan grunnskóla án kennsluréttinda á landinu². Hlutfall réttindalausra sem starfa við kennslu í grunnskólum landsins hefur lækkað jafnt og þétt frá 2003 til 2012 eða úr 20% í 4% af heildarfjölda þeirra sem starfa við kennslu. Fleiri konur en karlar eru sérkennarar og stuðningsfulltrúar á landsvísu þrátt fyrir að fjölgun hafi átt sér stað á meðal karla í hópi stuðningsfulltrúa. Níu af hverjum tíu sérkennurum eru konur og hefur það hlutfall haldist nokkuð stöðugt allt tímabilið en meðal stuðningsfulltrúa hefur hlutur karla vaxið úr 6% í 17% frá byrjun til loka tímabilsins. Brotthvarf kennara úr starfi er mismunandi á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar en brotthvarfið var mest á milli árána 2006 og 2007 á höfuðborgarsvæðinu en hefur haldist stöðugt á landsbyggðinni og farið minnkandi undir lok tímabilsins. Á landsbyggðinni hefur brotthvarf stuðningsfulltrúa tvöfaldast undir lok tímabilsins.

² Undir hópnum stjórnendur eru skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og deildarstjórar flokkaðir saman. Þegar gögn eru skoðuð kemur í ljós að þessir þrír eru allir aðstoðarskólastjóri eða deildarstjóri. Einn í Reykjavík, einn á Seltjarnanessi/Garðabæ/Álftanessi/ Mosfellsbæ og einn á Norðurlandi Vestra.

1 INNGANGUR

Skýrsla þessi fjallar um greiningu á hrágögnum frá Hagstofu Íslands um framkvæmd skólastarfs án aðgreiningar. Vinna þessi er unnin fyrir samstarfshóp fulltrúa frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, velferðarráðuneyti, Félagi grunnskólakennara og Skólastjórafélagi Íslands. Samstarfshópur þessi var skipaður í kjölfar bókunar í samkomulagi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara frá febrúar 2013³. Hlutverk samstarfshópsins er að standa sameiginlega að greiningu á framkvæmd stefnunnar „skóli án aðgreiningar“ og afleiðingum stefnunnar á skólastarf í grunnskólum. Skýrslan er unnin af Menntavísindastofnun Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í samstarfi við Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar. Markmiðið með skýrslu þessari er að taka saman og greina gögn sem þegar eru til, fyrir samstarfshópin og nýst geta til að skoða áhrif og framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar í grunnskólum landsins. Greiningin takmarkast við þau gögn sem safnað var af Hagstofu Íslands og er ekki á neinn hátt úttekt á innleiðingu eða framkvæmd stefnunnar um skóla án aðgreiningar. Auk þess má gera ráð fyrir því að þeir sem senda inn gögn til Hagstofu hafi lagt ólíka merkingu í hvað felst í sérkennslu og hverjir þurfa hana (sjá viðauka). Tölurnar ná yfir alla grunnskólanemendur á landinu og þar með taldir nemendur í sérskólum og sérdeildum.

Skýrslan er önnur af tveimur skýrslum sem Menntavísindastofnun hefur unnið fyrir starfshópin. Hin fyrri fjallaði um hvernig skóli án aðgreiningar kemur fram í lögum, reglugerðu, alþjóðlegum sáttmálum og fræðilegu efni. Í þessari skýrslu er unnið úr fyrirbyggjandi hrágögnum frá Hagstofu Íslands um framkvæmd skólastarfs hvað varðar sérkennslu og stuðning við nemendur.

Nánari greiningar um þau atriði sem fjallað er um hér má finna í úttektum ýmissa sveitarfélaga og þá sérstaklega hjá Reykjavíkurborg og í niðurstöðum rannsókna sem

³ Gögnin frá Hagstofu Íslands ná meðal annars yfir nemendur með formlega greiningu, nemendur sem fá sérkennslu og nemendur sem fá stuðning við íslenskunám. Flokkarnir geta skarast og ekki liggur alltaf fyrir hvaða skilningur er lagður í hugtök eins og sérkennsla eða stuðningur.

framkvæmdar hafa verið á hér á landi (Menntavísindastofnun 2014; Reykjavíkurborg Menntasvið 2010).

Skýrslan skiptist í sjö kafla: Eftir inngang er í öðrum kafla farið í gegnum nokkur helstu hugtök sem Hagstofa Íslands notar til að safna gögnum og greining í þessari skýrslu byggir á. Í þriðja kafla er farið í aðferðir og hvernig gögn eru notuð. Í fjórða kafla er niðurstöðum um nemendur sem fá sérkennslu og eru með formlega greiningu lýst samkvæmt umbeðnum gögnum. Byrjað er á að fara yfir tölur um formlega greiningu sérkennslunemenda og stuðning til náms. Sú skilgreining tekur til nemenda sem hafa formlega greiningu annað hvort frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eða sjálfstætt starfandi aðila⁴. Þessi flokkur er nánar greindur eftir því hvort nemendur fái stuðning vegna íslenskunáms eða eru í formlegri sérdeild⁵. Því næst er fjallað um dreifingu nemenda sem fá sérkennslu í grunnskólum landsins (af hendi stuðningsfulltrúa, uppeldisfulltrúa, kennara, þroskaþjálfara eða menntaðs sérkennara). Þar er einnig vísað til þess hvar stuðningurinn fer fram samkvæmt Hagstofuföggunum: inni í bekk, utan bekkjar (í námsveri, sérdeild/sérbekk) eða hvort tveggja. Í fimmta kafla er fjallað um nemendur með erlent móðurmál, í sjötta kafla um rekstrarform grunnskóla og fjölda nemenda, í sjöunda og síðasta kafla er fjallað um bakgrunn starfsfólks, kennsluréttindi, kyn og aldur. Að síðustu er farið yfir brotthvarf starfsfólks, þ.e. þá sem látið hafa af störfum af öðrum orsökum en vegna aldurs miðað við skilgreiningu á brotthvarfi: fólk sem hættir í starfi eða færir á milli starfa.

⁴ Um aðra aðila líkt og BUGL, Heyrnar- og talmeinstöð eða heilsugæslustöðvar getur einnig verið að ræða.

⁵ Nemendur sem þurfa aðstoð í íslensku eru þeir sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Þá skiptir ekki máli hvort þeir eru með formlega greiningu eða ekki, skv. eyðublaði Hagstofu Íslands sem send eru út á hverju vori til skóla, sjá viðauka. Þar kemur einnig fram að þeir nemendur sem skráðir eru í sérdeild séu í slíku úrræði meira en 80% af skólatíma.

2 ÚTSKÝRINGAR Á HUGTÖKUM

Í þessum kafla er leitast við að útskýra hvernig Hagstofa Íslands skilgreinir þau hugtök sem gögnum er safnað um og koma fyrir í skýrslunni. Þetta er gert til hægðarauka fyrir starfshóp þar sem þekkt er að mismunandi skilningur getur verið lagður í sömu hugtök.

Sérkennari⁶

Störf sérkennara felast m.a. í að hanna og aðlaga námsefni fyrir nemendur með líkamlega eða andlega skerðingu, undirbúa kennslustundir og starfsemi í samræmi við færni nemenda, hvetja nemendur og hjálpa þeim að tileinka sér aðferðir sem geta bætt þeim upp þær takmarkanir sem skerðing þeirra veldur (Hagstofa Íslands, 2009). Ennfremur að leggja fyrir próf og meta frammistöðu nemanda, eiga samskipti við foreldra, aðra sérkennara, félagsráðgjafa og aðra er koma að málefnum nemandans.

Stuðningsfulltrúi

Stuðningsfulltrúar eru ýmist með eða án háskólaprófs (Hagstofa Íslands, 2009). Störf stuðningsfulltrúa með háskólapróf⁷ felast m.a. í því að kenna, annast og styðja líkamlega eða andlega fatlaða einstaklinga eða einstaklinga með námsörðugleika, gera meðferðar- og þjálfunaráætlanir, stjórna þroskaþjálfun, aðstoða skjólstæðinga við athafnir daglegs lífs, eiga samskipti við foreldra, lækna, kennara og aðra sérfræðinga. Störf stuðningsfulltrúa án háskólaprófs geta falist í að aðstoða þroskaþjálfara eða kennara við ýmis störf er lúta að ráðgjöf og kennslu nemenda með líkamlegar eða andlegar fatlanir og sinna skyldum verkefnum (sjá Vorskýrslueyðublað, viðauka 1).

⁶ Hér er ekki gerður greinamunur á því hvort viðkomandi hafi sérmenntun eða hæfni viðkomandi.

⁷ Hér er verið að tala um óskilgreinda háskólamenntun

Sérkennsla

Samkvæmt eyðublaði sem Hagstofa Íslands sendir skólum fyrir vinnslu vorskýrslu er sérkennsla skilgreind sem vinnuframlag t.d. stuðningsfulltrúa og uppeldisfulltrúa sem vinna undir stjórn kennara/sérkennara (sjá viðauka). Vinnustundir talkennara og þroskaþjálfara teljast einnig með sérkennslustundum skóla. Sérkennsla getur farið fram inni í bekk eða utan bekkjar (í sérkennsluveri).

Formleg greining

Nemendur sem hafa formlega greiningu annað hvort frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eða sjálfstætt starfandi aðila⁸.

⁸ Fleiri aðilar geta gefið greiningar en þetta er ekki sundurgreint frekar af hálfu Hagstofu Íslands.

3 GÖGN OG AÐFERÐIR

Í þessum kafla er farið í þriðja verkþáttinn sem er tíundaður í beiðni starfshópsins og snýst um greiningu á fyrirbyggjandi hrágögnum frá Hagstofu Íslands um framkvæmd skólastarfs án aðgreiningar. Rétt er þó að taka fram að gögnin varða að mjög litlu leyti stefnuna um skóla án aðgreiningar heldur taka nær eingöngu til sérkennslu. Tölurnar eru einungis fjöldatölur og segja okkur ekkert um innihald og raunverulega framkvæmd sérkennslu.

3.1 Gögn

Hagstofa Íslands lét mennta- og menningarmálaráðuneyti í té gagnasöfn fyrir níu aðgreinda flokka um nemendur og starfsfólk grunnskóla á Íslandi :

1. Nemendur sem fá sérkennslu eða stuðning, innan og utan bekkjar.
2. Nemendur með formlega greiningu og stuðning til náms.
3. Nemendur með erlent móðurmál.
4. Rekstrarform grunnskóla (opinber eða einkarekstur).
5. Meðalfjöldi nemenda í bekk.
6. Starfsfólk í grunnskólum eftir starfssviðum og réttindum.
7. Kyn og aldur þeirra sem sinna sérkennslu.
8. Kyn og aldur stuðningsfulltrúa.
9. Brotthvarf starfsfólks við kennslu í grunnskólum.

Þessir gagnaflokkar eru meðal þess sem Hagstofa Íslands safnar árlega frá öllum grunnskólum landsins. Að hausti er safnað gögnum um nemendur og starfsfólk að hluta í gegnum námskerfið Mentor en að öðru leyti í gegnum eyðublöð sem Hagstofa Íslands sendir öllum grunnskólum landsins. Að vori sendir hver skóli skýrslu um starf vetrarins til Hagstofunnar. Í öllum tilvikum fengust gögnin nánar greind af Hagstofunni eftir árum og stærstu sveitarfélögum í hverjum landshluta. Í þeim tilvikum sem gögnin varða nemendur, voru þau að auki nánar greind eftir kyni nemenda og bekk. Í þeim tilvikum sem eiga við starfsfólk voru þau nánar greind eftir kyni starfsfólks og aldurshópi.

3.2 Notkun gagna

Gagnaflokkar 3-8 (sbr. yfirlit hér að framan) voru frá öðru hverju ári á tímabilinu 2003-2011 og að auki frá árinu 2012. Gögn um nemendur sem fá sérkennslu eða stuðning (1) voru frá árinu 2005 og fyrir annað hvert ár eftir það. Gögn um formlega greiningu sérkennslunemenda (2) voru aðeins fánleg frá árunum 2010, 2011 og 2012. Fyrir fyrstu tvær yfirlitsmyndirnar í skýrslunni var náð sérstaklega í gögn af ytri vef Hagstofu Íslands um heildarfjölda nemenda og fjölda nemenda sem fá sérkennslu á landinu öllu. Gögn um brotthvarf starfsfólks (gagnaflokkur 9) úr starfi stjórnenda, kennara og stuðningsfulltrúa voru tekin saman fyrir árabilið 2002-2013 með þeim hætti að fjöldi þeirra sem hvarf úr starfi af öðrum orsökum en fyrir aldurs sakir var uppgefinn fyrir tveggja ára bil, annað hvert ár.

Gögn Hagstofunnar voru flokkuð eftir stærstu bæjarfélögunum í hverjum landshluta. Upphaflega voru flokkar Hagstofunnar fimmtán, en til þess að auðvelda samanburð á milli landshluta var stuðst við skiptingu Sambands íslenskra sveitafélaga. Bæjarfélögin voru sameinuð í átta landshluta: Höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland.


Yfirlitsmyndir eru birtar fyrir alla flokka gagna, þ.e. myndir af þróun frá fyrsta til síðasta árs innan viðkomandi flokks. Þrjú viðmiðunarár eru síðan dregin út til að lýsa gögnunum eftir landshlutum, kyni og bekk (þegar við á): árið 2003 (fyrsta árið í hverjum flokki), árið 2009 og árið 2012 (síðasta árið í hverjum flokki). Undantekningar eru að fyrir flokk 1 (nemendur sem fá sérkennslu) er fyrsta viðmiðunarárið 2005 í stað 2003 og fyrir flokk 2 (sérkennslunemendur með formlega greiningu og stuðning til náms) eru birtar myndir fyrir öll þrjú árin sem gögnin ná til (2010, 2011 og 2012).

Tölur um heildarfjölda nemenda í grunnskólum landsins fengust einnig frá Hagstofu Íslands og var því ávallt reiknað hlutfall viðkomandi flokks af heildarfjölda nemenda í umfjöllun um nemendur sem fá sérkennslu, nemendur með formlega greiningu og nemendur með erlent móðurmál.

4 NIÐURSTÖÐUR: SÉRKENNSLA OG FORMLEG GREINING

4.1 Heildarfjöldi grunnskóla og grunnskólanema


Grunnskólanemum á landinu öllu fækkaði heldur á árunum 2005 til 2012. Á höfuðborgarsvæðinu voru grunnskólanemar 26.457 talsins árið 2005 en 26.087 árið 2012. Árið 2005 voru 4.360 nemendur í grunnskólum á Norðurlandi eystra en árið 2012 voru þeir 4.065 (mynd 3). Grunnskólanemar á Suðurlandi voru 3.671 árið 2005 og 3.284 árið 2012. Suðurnesin eru eini landshlutinn þar sem fjölgun grunnskólanema hefur átt sér stað á þessum árum. Árið 2005 voru 2.983 nemendur í grunnskólum á Suðurnesjum en árið 2012 voru þeir orðnir 3.051. Vesturland var með 2.474 nemendur í grunnskólum sínum árið 2005 en árið 2012 voru þeir 2.206. Árið 2005 voru 1.849 grunnskólanemar á Austurlandi en árið 2012 voru þeir 1.690. Grunnskólanemum fækkaði einnig á Norðurlandi vestra á tímabilinu líkt og í öðrum landshlutum, en árið 2005 voru þeir 1.352 og 1.034 árið 2012. Fæstir grunnskólanemar landsins stunda nám á Vestfjörðum og þar hefur einnig átt sér stað fækkun nemenda á árunum sem gögnin ná yfir. Árið 2005 stunduðu 1.190 nemendur nám við grunnskóla á Vestfjörðum og árið 2012 voru þeir 903 (mynd 1).



Mynd1: Heildarfjöldi nemenda eftir landsvæðum árin 2005 til 2012

Á mynd 2 kemur fram heildarfjöldi grunnskóla á landinu öllu frá árinu 2005 til ársins 2012 greint eftir landshlutum. Langflestir grunnskólar landsins eru á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2005 voru 70 grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu en árið 2012 hafði þeim fjölgað um einn. Þegar litið er til landsbyggðar eru flestir grunnskólar á Norðurlandi eystra, en þar hefur sama þróun átt sér stað þar sem á tímabilinu 2005 til 2012 hefur þeim fjölgað um einn úr 25 í 26. Árið 2005 var 21 grunnskóli á Austurlandi en árið 2012 hafði þeim fækkað niður í 16. Á Suðurlandi voru 17 grunnskólar árið 2005 og árið 2012 fækkaði þeim um einn. Á Vestfirðum var fjöldi grunnskóla óbreyttur allt tímabilið sem gögnin ná yfir eða 13 talsins. Sama þróun átti sér stað á Vesturlandi og í flestum öðrum landshlutum þannig að grunnskólum fækkaði lítillega. Árið 2005 voru 12 grunnskólar á Vesturlandi en árið 2012 var fjöldi þeirra kominn niður í 10. Á Suðurnesjum var fjöldi grunnskóla 9 allt tímabilið sem gögnin ná yfir. Grunnskólum fækkaði mest á Norðurlandi vestra á þeim

árum sem gögnin ná yfir. Árið 2005 voru 10 grunnskólar á Norðurlandi vestra en árið 2012 voru þeir 7 talsins.



Mynd 2: Heildarfjöldi grunnskóla á landinu árin 2005 til 2012

4.2 Nemendur sem fá sérkennslu og nemendur með formlega greiningu


Hjá Hagstofu Íslands eru meðal annars varðveitt gögn um fjölda nemenda sem fá sérkennslu og nemendur sem eru með formlega greiningu. Samkvæmt Hagstofu hófst söfnun talna um sérkennslu árið 2004. Árið 2010 hófst ítarlegri skráning upplýsinga í tengslum við formlega greiningu og stuðning við nám, það er eftir því hvort börn eru með formlega greiningu, stuðning til íslenskunáms eða í sérdeild. Gögn um grunnskólabörn með formlega greiningu og stuðning til náms náðu yfir þrjú ár, frá árinu 2010 til ársins 2013. Ekki er hægt að ganga út frá því að allir nemendur sem eru með formlega greiningu teljist fá sérkennslu þótt í langflestum tilvikum sé það raunin. Upplýsingar um fjölda barna í grunnskólum landsins sem hafa erlent

móðurmál eru til hjá Hagstofu Íslands frá árinu 1997. Á mynd 3 má sjá fjölda nemenda með erlent móðurmál annað hvert ár á því tímabili sem er til skoðunar.

Alls fengu 10.562 nemendur í grunnskólum landsins sérkennslu af einhverju tagi árið 2004. Nemendum sem fengu sérkennslu fækkaði í 9.531 árið eftir, fjölgaði svo aftur og árið 2008 voru þeir 10.650. Árið 2012 voru sérkennslunemendur orðnir 11.034 talsins (mynd 3). Fjöldi nemenda í sérkennslu jókst á tímabilinu sem var til athugunar. Frá árinu 2009 til ársins 2011 átti sér stað 9% fjölgun á nemendum í sérkennslu⁹. Hins vegar fækkaði grunnskólanemendum sem fengu sérkennslu um 2% á milli síðustu tveggja áranna sem gögnin ná yfir. Þegar horft er á allt tímabilið sem upplýsingarnar ná til kemur í ljós fjölgun grunnskólanema sem fá sérkennslu á landinu öllu, en á sama tímabili fækkar grunnskólanemum alls úr 44.511 í 42.320.

Árið 2010 höfðu 6.527 nemendur fengið formlega greiningu og stuðning til náms í grunnskólum landsins. Árið 2011 hafði fækkað í þessum hópi um 309 nemendur eða um 4,7%. Á milli áranna 2011 og 2012 varð um 12% aukning í hópi nemenda með formlega greiningu og stuðning til náms frá árinu 2011. Þannig voru 6.955 grunnskólanemar í þessum hópi á landinu öllu síðasta árið sem gögnin ná yfir (mynd 3).


⁹ Hugsanleg skýring er að talið hafi verið með ólíkum hætti milli ára en eina breytingin sem orðið hefur á talningu sérkennslunemenda er að frá árinu 2010 hefur farið fram ítarlegri greining á þeim í flokka þeirra sem eru með formlega greiningu, njóta stuðnings til íslenskunáms og stunda nám í sérdeild.



Mynd 3: Heildarfjöldi nemenda á landinu, sérkennsla í grunnskólum, börn með greiningu og stuðning til náms og fjöldi barna í grunnskólum landsins með erlent móðurmál 2004-2012

Hlutfall nemenda sem naut sérkennslu af heildarfjölda grunnskólanema á landinu öllu óx á tímabilinu sem gögnin ná yfir (sjá mynd 4). Árið 2004 var hlutfall nemenda sem fékk sérkennslu af heildarfjölda nemenda í grunnskólum landsins 24%. Hlutfallið lækkaði niður í 21% árið 2005. Árið 2006 hækkaði hlutfallið upp í 25% en lækkaði svo aftur niður í 23% árið eftir. Hlutfall nemenda sem naut sérkennslu af heildarfjölda grunnskólanemenda landsins var 24% árið 2009, en eftir það helst hlutfallið stöðugt í 26% öll árin frá 2010 (mynd 4).

Hlutfall nemenda með formlega greiningu og stuðning til náms af heildarfjölda allra grunnskólanemenda var 15%-16% frá árinu 2010 til ársins 2012, en eins og áður kom fram var ekki hafist handa við að skrá þessar upplýsingar sérstaklega fyrr en árið 2010 (mynd 4).




Mynd 4: Hlutfall sérkennslunema og hlutfall nemenda með formlega greiningu af heildarfjölda grunnskólanema á landinu árin 2004 til 2012

4.3 Sérkennsla og formleg greining á vanda nemenda: Landshlutar

Mynd 5 sýnir hlutfall þeirra sem fá sérkennslu af heildarfjölda nemenda ásamt því hversu hátt hlutfall af sérkennslunemum eru með formlega greiningu árið 2012. Á landinu öllu voru 42.320 grunnskólanemendur árið 2012 og 26% þeirra fengu sérkennslu. Af þeim sem voru í sérkennslu voru 63% með formlega greiningu. Vesturland og Austurland voru með hæsta hlutfall grunnskólanema í sérkennslu eða 32%. Af sérkennslunemum á Vesturlandi voru 52% með formlega greiningu en 75% á Austurlandi. Á Suðurnesjum voru 26% nemenda í sérkennslu og þar af voru 75% með formlega greiningu. Þannig var hlutfall formlegra greininga hæst á Austurlandi og Suðurnesjum árið 2012. Á Suðurlandi fengu um 27% nemenda sérkennslu og af þeim voru 73% með formlega greiningu. Á höfuðborgarsvæðinu voru um 26% af grunnskólanemum í sérkennslu og þar af voru 63% með formlega greiningu. 28% grunnskólanema á Vestfjörðum fengu sérkennslu og þar af voru 58% með formlega greiningu. Á Norðurlandi vestra var 31% nemenda í sérkennslu og þar af voru 55%

með formlega greiningu. Hlutfall grunnskólanema á Norðurlandi eystra í sérkennslu var 22% og þar af voru 48% með formlega greiningu.



Mynd 5: Hlutfall nemenda með formlega greiningu og annarra sem fá sérkennslu af heildarfjölda nemenda eftir landshlutum 2012¹⁰

Næstu þrjár myndir sýna þróun á hlutfalli nemenda í sérkennslu og þeirra með formlega greiningu í hverjum landshluta árin 2005, 2011 og 2012. Árið 2005 eru aðeins til upplýsingar um hlutfall sérkennslunema af heildarfjölda nemenda í hverjum landshluta.


Hlutfall grunnskólanema sem fá sérkennslu af heildarfjölda nemenda var nokkuð jafnt á milli landshluta árið 2005, hæst á Vesturlandi eða 26%. Hlutfall sérkennslunemenda var lægra en 20% í þremur landshlutum, Suðurnesjum,

¹⁰ Nemandi getur verið með formlega greiningu en ekki fengið sérkennslu, til að mynda vegna þess að hann er í mjög litlum eða fámennum bekk eða hann er orðinn eldri og telst ekki þurfa sérkennslu lengur. Nemendur geta fengið sérkennslu án formlegrar greiningar og verið með formlega greiningu án þess að fá sérkennslu. Stundum þjóna sérkennarar/stuðningsfulltrúar því hlutverki að hjálpa þeim sem þurfa stuðning í bekk en einnig öðrum nemendum.

Austurlandi og á Vestfjörðum þar sem það var lægst eða 13% (sjá mynd 6). Árið 2011 hafði hlutfall nemenda sem fengu sérkennslu hækkað í öllum landshlutum nema á Norðurlandi eystra þar sem hlutfallið hafði lækkað og var jafnframt lægst árið 2011 eða 22%. Á sama hátt og árið 2005 var hlutfallið hæst á Vesturlandi árið 2011 eða 35% (mynd 7). Árið 2012 var hlutfall sérkennslunema ennþá hæst á Vesturlandi en hafði samt sem áður lækkað niður í 32% úr 35% frá árinu 2011. Hlutfallið hafði einnig lækkað á Suðurnesjum og Suðurlandi. Það stóð hins vegar í stað á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi eystra. Hlutfall sérkennslunema hækkaði á milli áráanna 2011 og 2012 í öllum öðrum landshlutum og var áfram lægst á Norðurlandi eystra (mynd 8).


Þegar hlutfall grunnskólanema með formlega greiningu af heildarfjölda grunnskólanema árið 2011 var skoðað í hverjum landshluta fyrir sig kom í ljós að á Suðurnesjum var hlutfallið hæst eða 20%. Á höfuðborgarsvæðinu voru 14% nemenda með formlega greiningu en hlutfallið var lægst á Norðurlandi eystra eða 11% (mynd 7). Árið 2012 var Norðurland eystra enn með lægsta hlutfall nemenda með formlega greiningu og hafði hlutfallið lækkað niður í 10%. Gögnin gefa ekki skýringar á muninum á milli landshluta eða af hverju Norðurland eystra sker sig úr með lægsta hlutfall nemenda með formlega greiningu og stuðning til náms¹¹. Í öllum öðrum landshlutum hækkaði hlutfallið á milli áráanna tveggja nema á Suðurnesjum þar sem það lækkaði og Suðurlandi þar sem hlutfallið stóð í stað. Árið 2012 var hlutfall nemenda með formlega greiningu hæst á Austurlandi eða 24% (mynd 8). Þegar árin tvö eru borin saman kemur í ljós að hlutfallið helst nokkuð jafnt á milli áráanna 2011 og 2012 að undanskilinni hækkun úr 18% í 24% á Austurlandi (myndir 7 og 8).

¹¹ Möguleg skýring getur legið í mismunandi áherslum í sérfræðipjónustu skóla auk þess sem Norðurland eystra hefur verið tilraunasveitarfélag um málefni fatlaðs fólks.




Mynd 6: Sérkennsla og stuðningur til náms alls: Hlutfall af heildarfjölda nemenda í hverjum landshluta 2005¹²

¹² Einungis eru til tölur fyrir sérkennslu frá árinu 2005 en ekki formlega greiningu sem sýnd er fyrir árin 2011 og 2012 í næstu myndum.




Mynd 17: Formleg greining, sérkennsla og stuðningur til náms alls: Hlutfall af heildarfjölda nemenda í hverjum landshluta 2011



Mynd 8: Formleg greining, sérkennsla og stuðningur til náms alls: Hlutfall af heildarfjölda í hverjum landshluta 2012

5 NIÐURSTÖÐUR: NEMENDUR EFTIR KYNI


Eins og sjá má á mynd 9 er kynjaskipting í grunnskólum landsins mjög jöfn allt tímabilið sem gögnin ná yfir, þó drengir séu aðeins fleiri en stúlkur öll árin.



Mynd 29: Heildarfjöldi nemenda og skipting eftir kyni árin 2005 til 2012


5.1 Formleg greining og stuðningur til náms: ár, kyn og bekkir

Þegar grunnskólanemum landsins með formlega greiningu er skipt niður eftir kyni kemur í ljós að árin 2010 til 2012 voru tvöfalt fleiri drengir með formlega greiningu og stuðning til náms heldur en stúlkur. Árið 2011 voru um 20% drengja í grunnskólum landsins með formlega greiningu og stuðning til náms en aðeins 10% stúlkna. Árið 2012 voru um 22% af drengjum í grunnskólum landsins með formlega greiningu en hlutfall stúlkna var 11%. Á mynd 10 koma fram fjöldatölur fyrir allt landið.



Mynd 103: Fjöldi drengja og stúlkna með formlega greiningu og stuðning til náms í grunnskólum landsins

Nemendur með formlega greiningu og stuðning til náms voru flestir á miðstigi og unglíngastigi grunnskóla og var tilhneigingin sú sama á landsvísu. Formlegum greiningum fjölgar hraðast frá upphafi skólagöngu fram að miðstigi grunnskólans, en fjölgunin er ekki eins hröð frá miðstigi upp að unglíngastigi flest árin (mynd 11).




Mynd 411: Fjöldi nemenda með formlega greiningu og stuðning til náms árin 2010-2012¹³


Eftirfarandi þrjár myndir sýna þróun á fjölda drengja og stúlkna með formlega greiningu og stuðning til náms eftir bekkjum þau þrjú ár sem gögn eru til um. Mun fleiri drengir en stúlkur voru með formlega greiningu árið 2010 í öllum bekkjum. Í 1. bekk árið 2010 voru drengir um 73% þeirra sem voru með formlega greiningu og stuðning til náms. Hluttur stúlkna jókst samhlíða hærrí aldri en hlutfallsleg skipting kynjanna helst svipuð í öllum bekkjum árið 2010. Kynjahlutfallið var jafnast í 6. bekk, 38% stúlkur og 62% drengir (mynd 12). Árið 2011 var hægt að greina sams konar mynstur í gögnunum og árið 2010. Fleiri drengir en stúlkur voru með formlega greiningu árið 2011 í öllum bekkjum. Í 1. bekk árið 2011 var um 25% af nemendum með formlega greiningu stúlkur og um 75% drengir. Árið 2011 jókst hluttur stúlkna samhlíða aukinni skólagöngu en hlutfallið í bekkjum var samt sem áður nokkuð jafnt, í kringum 30% stúlkur og 70% drengir. Þegar horft er heilt yfir alla skólabekki árið

¹³ Áhugavert er að aukning verður á formlegri greiningu og stuðning til náms í 5 og 7 bekk. Því til rökstuðnings er að nám nemenda er að verða akademískra (sjá grein Grétar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2011).


2010 kemur í ljós að í 10. bekk var hlutfallið á milli kynjanna jafnast á tímabilinu. Þá var hlutfall stúlkna með formlega greiningu í grunnskólum landsins 36% og hlutfall drengja 64% (mynd 13). Fleiri drengir en stúlkur voru með formlega greiningu árið 2012 í öllum bekkjum. Í 1. bekk árið 2012 var um 27% af nemendum með formlega greiningu stúlkur og um 73% drengir. Líkt og árin 2010 og 2011 eykst hlutfall stúlkna þegar litið er til efri bekkja. Í fjórða bekk voru stúlkur 34% nemenda með formlega greiningu og drengir 66%. Hlutfallið á milli kynjanna var nokkurn veginn óbreytt í efri bekkjum í kringum 35% stúlkur og 65% drengir árið 2012 (mynd 14).



Mynd 58: Fjöldi drengja og stúlkna með formlega greiningu og stuðning til náms eftir bekkjum árið 2010



Mynd 613: Fjöldi drengja og stúlkna með formlega greiningu og stuðning til náms eftir bekkjum árið 2011




Mynd 714: Fjöldi drengja og stúlkna með formlega greiningu og stuðning til náms eftir bekkjum, árið 2012


5.1.1 Formleg greining og stuðningur til náms eftir kyni og landshluta

Næstu þrjár myndir sína þróun á hlutfalli nemenda með formlega greiningu skipt eftir landshluta og kyni. Myndirnar vísa í árin 2010, 2011 og 2012. Kynjahlutfallið er mjög svipað í öllum landshlutum þannig að drengir með formlega greiningu eru mun stærri hluti af heildarfjölda grunnskóladrengja heldur en stúlkur með formlega greiningu af heildarfjölda grunnskólastúlkna í öllum landshlutum.


Árið 2010 var Austurland með hæsta hlutfall drengja með formlega greiningu eða 28% af heildarfjölda grunnskóladrengja. Sama ár var hlutfall stúlkna með formlega greiningu hæst á Vesturlandi. Árið 2011 var hlutfall drengja með formlega greiningu hæst 26% í grunnskólum Suðurlands og Suðurnesja. Hlutfall stúlkna var einnig hæst í þessum sömu landshlutum þetta ár eða 13%. Hæsta hlutfall drengja með formlega greiningu árið 2012 var 30% á Austurlandi. Stúlkur með formlega greiningu voru einnig flestar í grunnskólum á Austurlandi eða 17%. Á höfuðborgarsvæðinu voru drengir með formlega greiningu 18% af heildarfjölda drengja í grunnskólum svæðisins árið 2010. Hluttur stúlkna með formlega greiningu var 10% sama ár. Árið 2011 var hlutfall drengja með formlega greiningu á höfuðborgarsvæðinu það sama og árið áður en hlutfall stúlkna lækkaði niður í 9%. Árið 2012 hafði hlutfall beggja kynja vaxið á höfuðborgarsvæðinu og var hlutfall drengja með formlega greiningu orðið 21% og stúlkna með formlega greiningu 11%. Grunnskólar á Norðurlandi eystra voru með lágsta hlutfall drengja og stúlkna með formlega greiningu öll árin sem gögnin ná yfir.



Mynd 815: Hlutfall nemenda með formlega greiningu af heildarfjölda nemenda eftir kyni árið 2010



Mynd 16: Hlutfall nemenda með formlega greiningu af heildarfjölda nemenda eftir kyni árið 2011




Mynd 17: Hlutfall nemenda með formlega greiningu af heildarfjölda nemenda eftir kyni árið 2012

5.1.2 Nemendur með formlega greiningu, stuðning til íslenskunáms og í sérdeild eftir bekkjum


Næstu þrjár myndir sýna hvernig nemendum með formlega greiningu, stuðning til íslenskunáms og í sérdeild var skipt eftir bekkjum á landsvísu árin 2010, 2011 og 2012. Þessi þrískipting er nánari skipting hópsins sem ber yfirskriftina *Formleg greining og stuðningur til náms*. Hluti þess hóps nýtur stuðnings í íslensku en er ekki endilega með formlega greiningu (sjá viðauka). Þegar litið er heilt yfir tímabilið kemur í ljós að hlutfall þessa nemendahóps (allir þrír hóparnir) breyttist lítið á þessum árum þó tilhneiging hafi frekar verið í átt að aukningu. Í 1. bekk var hlutfall þessara nemenda árið 2010 14%, árið 2011 16% og árið 2012 15%. Innbyrðis hlutföll breyttust einnig mjög lítið á milli ára, en í 1. bekk árið 2010 voru 9,5% nemenda með formlega greiningu, 9,7% árið 2011 og 9,2% árið 2012. Árið 2010 voru 3,9% grunnskólanema í 1. bekk með stuðning til íslenskunáms, 5,5% árið 2011 og 5,2% árið 2012. Hlutfall grunnskólabarna í 1. bekk sem voru í sérdeild á landsvísu breyttist einnig lítið á þessu tímabili. Þau voru 0,6% árið 2010, 0,5% árið 2011 og 0,6% árið 2012.

Þegar líður á skólagönguna stækkar hlutur nemenda sem eru með formlega greiningu, stuðning til íslenskunáms eða í sérdeild. Þannig eru samanlagt 22% af grunnskólanemendum landsins í 5. bekk árið 2010 í þessum þremur hópum, 20% árið 2011 og 30% árið 2012. Innbyrðis hlutfall breytist einnig lítið en 17,9% voru með formlega greiningu árið 2010, 15,3% árið 2011 og 17,8% árið 2012. Árið 2010 voru 3,4% með stuðning til íslenskunáms, 4,2% árið 2011 og 4,4% árið 2012. Hlutfall grunnskólanema landsins sem voru í sérdeild árið 2010 var 0,8%. Árið 2011 var hlutfall þeirra 0,5% og 0,7% árið 2012.


Í 10. bekkjum landsins voru 22% af grunnskólanemum í hópi barna með formlega greiningu, stuðning til íslenskunáms eða í sérdeild árið 2010. Árið 2011 var hlutfallið 20% og 23,7% árið 2012. Með formlega greiningu voru 16,3% af 10. bekkjar nemendum á landsvísu árið 2010, 15% árið 2011 og 18% árið 2012. Árið 2010 voru 2,9% með stuðning til íslenskunáms, 3,1% árið 2011 og 3,6% árið 2012. Nemendur í sérdeild voru 2,4% allra nemenda í 10. bekk á landinu árið 2010, 2,2% árið 2011 og 2,2% árið 2012. Þannig má sjá nemendum í sérúrræðum fjölgaði á unglingsstigi grunnskólans árið 2010.



Mynd 18: Nemendur með formlega greiningu, stuðning til íslenskunáms og í sérdeild eftir bekkjum árið 2010




Mynd 19: Nemendur með formlega greiningu, stuðning til íslenskunáms og í sérdeild eftir bekkjum árið 2011



Mynd 20: Nemendur með formlega greiningu, stuðning til íslenskunáms og í sérdeild eftir bekkjum árið 2012

5.2 Nemendur sem fá sérkennslu eða stuðning

Nemendum sem fengu sérkennslu í 1. bekk í grunnskóla fjölgaði á tímabilinu úr 720 árið 2005 í 1.115 árið 2012, eða um 55%. Árið 2005 voru 1.096 nemendur í 5. bekk sem fengu sérkennslu en árið 2012 voru þeir orðnir 1.207 sem er 10% aukning. Nemendur sem fengu sérkennslu í 10. bekk árið 2005 voru 815 talsins og 925 árið 2012 sem samsvarar um 13% aukningu. Eins og áður hefur komið fram hefur nemendum í grunnskólum landsins fækkað á tímabilinu sem gögnin ná yfir (sjá nánar á mynd 9). Þegar gögnin eru skoðuð í heild má sjá að nemendur með sérkennslu voru flestir á miðstigi grunnskólans og fækkaði þegar leið á skólagönguna (mynd 21).



Mynd 21: Fjöldi nemenda í sérkennslu eftir bekk árin 2005 til 2012


5.2.1 Fyrirkomulag sérkennslu: Innan bekkjar, utan bekkjar og blandað¹⁴

Sérkennsla getur farið fram inni í bekk, fyrir utan bekk (í sérkennsluveri) eða með blönduðu fyrirkomulagi, ýmist inni í bekk eða fyrir utan. Hér er þeim skipt í þessa þrjá hópa, þ.e. innan bekkjar, utan bekkjar og blandað. Ekki á að vera um tvítalningu að ræða og þegar heildarfjöldi sérkennslunemenda hefur verið tekinn saman fyrir í þessum texta (sjá til dæmis mynd 1) eru þær tölur byggðar á samtölu þessara þriggja hópa¹⁵.

Fyrirkomulag sérkennslu hefur tekið litlum breytingum á tímabilinu sem gögnin ná yfir eins og sést á mynd 22. Línan á myndinni sýnir hvernig meðalfjöldi í bekk hefur þróast miðað við kvarðann hægra megin á myndinni. Árið 2005 var um 37% sérkennslunema kennt innan bekkjar, um 15% utan bekkjar og um 48% bæði innan

¹⁵ Þó er ekki útilokað að tvítalning hafi átt sér stað í skráningu hjá einstaka skólum þótt Hagstofa Íslands gefi leiðbeiningar um að hver nemandi sé aðeins talinn einu sinni (sjá viðauka).


og utan bekkjar. Árið 2009 fengu 44% sérkennslunema kennslu innan bekkjar, 15% utan bekkjar og um 41% bæði innan og utan bekkjar. Árið 2012 fór um 37% sérkennslunnar fram innan bekkjar, 17% utan bekkjar og 46% bæði innan og utan bekkjar. Flestir sérkennslunemendur fá sérkennslu á blönduðu formi, þ.e. ýmist innan eða utan bekkjar. Síðustu tvö ár hefur orðið örlítil fækkun í þeim hópi en hann er langfjölmennastur eftir sem áður. Hópurinn sem fær sérkennslu innan bekkjar stækkaði aðeins á milli síðustu tveggja ára en hópurinn sem fær sérkennslu utan bekkjar minnkaði á móti eftir nokkra fjölgun í þeim hópi. Fyrirkomulag sérkennslu breyttist lítið þrátt fyrir að meðalföldi í hverjum bekk hafi tekið breytingum þannig að meðalfjöldi barna í bekk jókst um 3% frá 2007 til 2012 (úr 16,7 börnum í 17,2 börn, sjá mynd 22). Nánar er fjallað um breytingar á nemendafjölda í bekk í kafla 7.1.




Mynd 22: Fyrirkomulag sérkennslu: Landið allt árið 2005 til 2012

Til þess að fá yfirsýn yfir hvernig fyrirkomulag sérkennslu hefur þróast eftir landshlutum voru valin viðmiðunarárin 2005, 2009 og 2012 (mynd 23). Árið 2005 var hlutfall grunnskólanema sem naut sérkennslu innan bekkjar hæst á Vesturlandi eða 55%, 18% fengu sérkennslu utan bekkjar og 27% bæði innan og utan bekkjar. Árið


2009 voru Suðurnesin sá landshluti þar sem flestir nemendur fengu sérkennslu innan bekkjar eða 65%. 7% af sérkennslunemum í grunnskólum á Suðurnesjum fengu sérkennslu utan bekkjar og 28% bæði innan bekkjar og utan. Árið 2012 fengu flestir nemendur sérkennslu innan bekkjar á Austurlandi í samanburði við grunnskóla annars staðar á landinu eða 41%. Um 14% sérkennslunema fengu sérkennslu utan bekkjar og 45% bæði innan og utan bekkjar. Í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu árið 2005 fengu 40% sérkennslunema hana innan bekkjar, 13% utan bekkjar og 47% bæði innan og utan bekkjar. Árið 2009 fór 49% af sérkennslu á höfuðborgarsvæðinu fram innan bekkjar, 14% utan bekkjar og 37% bæði innan og utan bekkjar. Á höfuðborgarsvæðinu fengu 39% sérkennslunema kennslu innan bekkjar, 16% utan bekkjar og 45% blöndu af hvoru tveggja árið 2012. Grunnskólar á Suðurlandi voru með lágsta hlutfall sérkennslunnar innan bekkjar árið 2005 eða 25%, en 33% sérkennslunnar fór fram utan bekkjar og 42% bæði innan og utan bekkjar. Árið 2009 var Norðurland vestra með lágsta hlutfall sérkennslunema innan bekkjar eða um 9%, 14% voru utan bekkjar en langflestir fengu sérkennslu bæði innan og utan bekkjar eða 77%. Árið 2012 voru grunnskólar á Norðurlandi vestra enn með lágsta hlutfall sinnar sérkennslu innan bekkjar eða 17%, 21% sérkennslunema fengu sérkennsluna utan bekkjar og 62% bæði innan og utan bekkjar. Ef landshlutar eru skoðaðir eftir hlutfalli sérkennslunema sem fá sérkennslu utan bekkjar kemur í ljós að árið 2005 voru grunnskólar á Suðurlandi með hæsta hlutfallið eða 33% sérkennslunnar utan bekkjar. Árið 2009 voru grunnskólar á Norðurlandi eystra með flesta sérkennslunema sína í sérkennslu utan bekkjar eða 34%. Grunnskólar á Vestfjörðum voru með hærra hlutfall en nokkur annar landshluti árið 2012 eða 34% sérkennslunnar utan bekkjar (sjá nánar myndir 21-23).



Mynd 23: Hlutfallsleg skipting sérkennslu innan eða utan bekkjar eða blandað eftir landshlutum árið 2005




Mynd 24: Hlutfallsleg skipting sérkennslu innan eða utan bekkjar eða blandað eftir landshlutum árið 2009



Mynd 25: Hlutfallsleg skipting sérkennslu innan eða utan bekkjar eða blandað eftir landshlutum árið 2012

5.2.2 Nemendur sem fá sérkennslu: Kynjaskipting eftir árum, landshlutum og bekk


Eins og sjá má á mynd 26 voru fleiri drengir en stúlkur í sérkennslu öll árin sem gögnin ná yfir. Hlutfallið á milli kynjanna var nokkuð jafnt á milli ára allt tímabilið. Árið 2005 og 2009 voru 61% sérkennslunemenda drengir og 62% árið 2012.




Mynd 26: Fjöldi drengja og stúlkna sem fá sérkennslu í grunnskólum landsins árið 2005 til 2012

Kynjaskipting sérkennslunemenda var mjög svipuð á milli landshluta og tók litlum breytingum á milli árána 2005, 2009 og 2012 (myndir 27 – 29). Drengir voru fleiri en stúlkur í sérkennslu í öllum landshlutum öll árin. Árið 2005 voru grunnskólar á Suðurlandi með ójafnasta kynjaskiptinguna meðal sérkennslunema eða 65% drengir en 35% stúlkur. Grunnskólar á Vestfjörðum voru með ójafnasta kynjaskiptinguna árið 2009 og var hlutfallið það sama og í grunnskólum Suðurlands árið 2005 eða 65% drengir og 35% stúlkur. Árið 2012 voru grunnskólar á Norðurlandi vestra með ójafnasta kynjahlutfallið meðal sinna sérkennslunema, 67% drengir og 33% stúlkur. Kynjaskipting sérkennslunema í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu var nánast sú


sama öll viðmiðunarárin, eða rétt um 60%. Grunnskólar á Suðurnesjum voru með jafnasta kynjaskiptinguna árið 2005, um 59% drengir og 41% stúlkur. Árið 2009 voru bæði höfuðborgarsvæðið og Austurland með jöfnustu kynjaskiptinguna á meðal sinna sérkennslunema: 60% drengir og 40% stúlkur það sama og í grunnskólum á Suðurlandi árið 2012.



Mynd 27: Fjöldi drengja og stúlkna meðal sérkennslunema eftir landshlutum árið 2005




Mynd 28: Fjöldi drengja og stúlkna meðal sérkennslunema eftir landshlutum árið 2009



Mynd 29: Fjöldi drengja og stúlkna meðal sérkennslunema eftir landshlutum árið 2012

6 NIÐURSTÖÐUR: NEMENDUR Í GRUNNSKÓLUM ÍSLANDS MEÐ ERLENT MÓÐURMÁL


Gögn um fjölda nemenda í grunnskólum Íslands með erlent móðurmál eru frá 2003 og eru greind fyrir annað hvert ár að undanskildum árunum 2011 og 2012. Fjöldi nemenda í grunnskólum á Íslandi sem hafa erlent móðurmál hefur nær tvöfaldast á þessu tímabili. Ef skoðuð er hlutfallsleg fjölgun á milli ára kemur í ljós að árið 2005 hefur nemendum með erlent móðurmál fjölgað um 19% frá 2003 eða um 254 nemendur. Á milli áranna 2005 og 2007 fjölgar nemendum í grunnskólum landsins sem hafa erlent móðurmál um 9% eða um 140 nemendur. Á milli áranna 2007 og 2009 verður veruleg fjölgun þannig að fjöldi þeirra nemenda í grunnskólum landsins sem hafa erlent móðurmál fer frá því að vera 1.734 upp í 2.314. Þetta er fjölgun um 580 nemendur eða 33%. Í þessu samhengi er vert að geta þess að í ársskýrslu Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2009 má sjá gríðarlega aukningu í fjölda grunnskólanema af erlendum uppruna. Fjölgunina má einna helst rekja til fjölgunar nemenda af pólskum uppruna en fjöldi þeirra nær tvöfaldast á þessu tímabili (Reykjavík, 2010). Fjöldi grunnskólanema með erlent móðurmál óx ekki á sama hraða næstu ár en stöðvaðist ekki og árið 2011 hafði þeim fjölgað um 9% frá árinu 2009. Árið 2012 hafði nemendum með erlent móðurmál í grunnskólum landsins fjölgað um 246 nemendur eða um 10% frá undangengnu ári (á mynd 30 má sjá nánar þessa þróun).



Mynd 30: Fjöldi grunnskólanema með erlent móðurmál af heildarfjölda grunnskólanema á landinu¹⁶


Á mynd 31 kemur fram hlutfall grunnskólanemenda með erlent móðurmál af heildarfjölda grunnskólanema á landinu öllu. Af myndinni er augljóst að fjöldi nemenda í grunnskólum landsins með erlent móðurmál hefur aukist með meiri hraða en fjöldi nemenda sem ekki hafa erlent móðurmál. Árið 2003 höfðu 3% grunnskólanema á landinu öllu erlent móðurmál. Árið 2005 hafði sú tala stigið upp í 3,6%, í ríflega 5% árið 2009 og upp í rúmlega 6% 2012 (mynd 31).

¹⁶ Til þess að sýna frammá þróun sem hefur átt sér stað í fjölda grunnskólanema sem hafa erlent móðurmál, og á sama tíma þróun í fjölda annarra grunnskólanema, voru upplýsingar settar á sömu mynd. Mikill munur er á heildarfjölda nemenda í þessum tveimur hópum og þess vegna mikill munur á kvörðunum sem koma fram á myndinni. Myndin sýnir ekki hlutföll heldur aðeins hreinar fjöldatölur.




Mynd 31: Hlutfall grunnskólanemenda með erlent móðurmál af heildarfjölda grunnskólanema á öllu landinu

Á mynd 32 kemur fram hversu hátt hlutfall grunnskólanemar með erlent móðurmál voru af nemendum í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2003 til ársins 2012. Árið 2003 voru 2,9% barna í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu með erlent móðurmál. Hlutfallið var komið upp í 3,6% árið 2005 og 3,9% árið 2007. Hlutfall grunnskólanema með erlent móðurmál á höfuðborgarsvæðinu hækkaði upp í 5,5% árið 2009. Árið 2011 var hlutfallið 5,6% og jókst upp í 6,4% árið 2012. Þannig má sjá að hlutfall nemenda með erlent móðurmál jókst jafnt og þétt á því tímabili sem gögnin ná yfir.




Mynd 32: Hlutfall nemenda með erlent móðurmál af heildarfjölda grunnskólanemenda á höfuðborgarsvæðinu


Næstu þrjár myndir sýna hlutfall grunnskólabarna sem hafa erlent móðurmál í hverjum landshluta. Árið 2003 var hlutfall grunnskólanema með erlent móðurmál lægst á Norðurlandi vestra eða 1,6% og hæst á Vestfjörðum eða 4,9%. Árið 2009 hafði hlutfall grunnskólanema með erlent móðurmál vaxið í öllum landshlutum. Auk þess hafði munur á milli landshluta aukist. Norðurland vestra var enn með lægsta hlutfallið eða 2,2% og Vestfirðir enn með hæsta hlutfallið 9,8%. Árið 2012 hafði hlutfall grunnskólanema með erlent móðurmál enn vaxið í öllum landshlutum frá árinu 2009. Hlutfall nemenda með erlent móðurmál í grunnskólum á Norðurlandi vestra og eystra var lægst eða og nú hæst á Suðurnesjum, rétt yfir 10%. Eins og í öðrum landshluthlutum hafði þetta hlutfall vaxið á höfuðborgarsvæðinu, fór úr því að vera tæplega 3% árið 2003 í 6,4% árið 2012.



Mynd 33: Hlutfall grunnskólanemenda með erlent móðurmál af heildarfjölda grunnskólabarna eftir landshlutum árið 2003




Mynd 34: Hlutfall grunnskólanemenda með erlent mál af heildarfjölda grunnskólabarna eftir landshlutum árið 2009



Mynd 35: Hlutfall grunnskólanemenda með erlent mál af heildarfjölda grunnskólabarna eftir landshlutum árið 2012

Þegar litið er til hvers kyns fyrir sig, og hlutfall þess af heildarfjölda grunnskólanema landsins skipt eftir kyni, má sjá að hlutfallið er nánast það sama öll árin sem gögnin ná yfir. Þannig eru þeir drengir sem hafa erlent móðurmál jafn stór hluti af heildarfjölda drengja í grunnskólum landsins og stúlkur með erlent móðurmál eru af heildarfjölda stúlkna í grunnskólum á Íslandi. Með þessum hætti endurspeglar kynjahlutfall nemenda með erlent móðurmál kynjahlutfall allra nemenda í grunnskóla þau ár sem gögnin ná yfir. Árið 2007 er eina árið þar sem hlutfallið í hvorum kynjahópi fyrir sig er ekki jafnt (sjá mynd 34) en munurinn þó mjög lítil




Mynd 36: Hlutfall stráka og stelpna með erlent móðurmál af heildarfjölda af hvoru kyni allra grunnskólanema eftir árum

7 NIÐURSTÖÐUR: REKSTRARFORM GRUNNSKÓLA OG FJÖLDI Í BEKK

Gögn um rekstrarform grunnskóla á Íslandi bárust einnig frá Hagstofu Íslands, það er hvort um opinberan eða einkarekstur á grunnskólum er að ræða. Gögnin eru frá öðru hverju ári á árabílinu 2003-2011 og að auki frá árinu 2012.

Heildarfjöldi nemenda í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu hefur minnkað lítillega frá upphafi til loka tímabilsins, úr 26.755 í 26.087 eða um 2,5%. Á landsvísu hefur nemendum í heild fækkað um 5% á tímabilinu. Einkarekna grunnskóla er einungis að finna á höfuðborgarsvæðinu, auk þess sem einkarekinn grunnskóla var að finna í Reykjanesbæ eitt árið sem gögnin ná yfir, þess ber þó að geta að þar sem gögnin eru frá öðru hverju ári, gætu einkareknir grunnskólar hafa verið til staðar þau ár sem ekki eru til umfjöllunar hér. Nemendafjöldi í einkareknum grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu hefur meira en tvöfaldast á tímabilinu, þ.e. úr 446 í 1.057 (mynd 37) en 96% allra grunnskólanema gengu þó í grunnskóla á vegum sveitarfélaganna undir lok tímabilsins. Það hlutfall hefur lækkað úr rúmum 98% í byrjun tímabilsins, það er frá árinu 2003.




Mynd 37: Nemendafjöldi í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu eftir rekstrarformi

7.1 Fjöldi nemenda í bekk

Gögn um fjölda nemenda í bekk í grunnskólum landsins eru frá öðru hverju ári á árabílinu 2003-2011 og að auki frá árinu 2012. Grunnskólum á landinu hefur fækkað á tímabilinu 2003 til 2012 úr 187 í 168. Meðalfjöldi nemenda í bekk¹⁷ hefur aukist á tímabilinu alls staðar á landinu nema á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu þar sem hann hefur staðið í stað (mynd 38). Aðeins á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum fer meðalfjöldi í bekk yfir tuttugu börn á tímabilinu. Fæst börn eru að meðaltali í bekk á Vestfjörðum en meðalfjöldi barna í bekk í þeim landshluta hefur þó aukist úr 9,5 börnum í 14,4 börn á tímabilinu eða um 52%. Aukningin í öðrum landshlutum er minni, eða á bilinu 5-18% (sjá einnig mynd 22).

¹⁷ Þess ber að geta að þegar meðalfjöldi nemenda eftir landshlutum skv. skiptingu Sambands íslenskra sveitarfélaga er tekinn saman, endurspeglar það ekki litla bekki í litlum samfélögum sem gögn Hagstofunnar tóku frekar til. Þéttbýliskjarnar í hverjum landshluta geta híft meðaltalið upp.



Mynd 38: Þróun meðalfjölda nemenda í bekk 2003 til 2012

Á höfuðborgarsvæðinu hefur meðalfjöldi barna í bekk haldist nokkuð stöðugur á áratugnum sem um ræðir, aðeins farið rétt undir 20 á árunum 2007 til 2010, en meðalfjöldi í bekk nú er sá sami og í upphafi tímabilsins eða 20,5 börn í bekk.

Á Suðurnesjum hefur meðalfjöldi í bekk farið yfir tuttugu börn á tímabilinu en var í lágmarki á síðasta ári 19,4 börn, sem er nær engu muni frá upphafi mælingatímabilsins.

Á Vesturlandi hefur nemendum í bekk fjölgað að meðaltali á tímabilinu, úr 16,4 í upphafi tímabilsins í 18,6 árið 2011 en lítilsháttar fækkun til ársins 2012 eða í 17,9 nemendur í bekk. Aukningin frá upphafi til loka tímabilsins er 9%.

Grunnskólanemendum í hverjum bekk á Vestfjörðum hefur fjölgað jafnt og þétt að meðaltali undanfarinn áratug og er meðalfjöldi í bekk nú 14,4 börn miðað við 9,5 í upphafi tímabilsins og samsvarar það 52% aukningu á milli upphafs og loka tímabilsins.

Á Norðurlandi vestra er meðalfjöldi barna í bekk 15,4 og er það svipað og árið 2004 þegar meðalfjöldinn hafði aukist úr 13,1 barni árið áður. Aukningin frá fyrsta ári til síðasta samsvarar 18%.

Meðalfjöldi barna í bekk í grunnskólum á Norðurlandi eystra fór yfir 17 börn tvö ár á tímabilinu en er nú 16,8 börn sem er þó aukning frá upphafi tímabilsins, þ.e. um 5%.

Börnum í hverjum bekk á Austurlandi hefur fjölgað úr 12,4 í 14,6 á tímabilinu að meðaltali en fór hæst í 15,3 árið 2009. Aukningin frá fyrsta ári tímabilsins til þess síðasta samsvarar 18%.


Á Suðurlandi hefur meðalfjöldi barna í bekk verið um og yfir 18 börn á tímabilinu. Meðalfjöldinn var lægstur í upphafi tímabilsins eða 16,9 nemendur í bekk. Aukningin frá fyrsta ári til hins síðasta samsvarar um 9%.

8 NIÐURSTÖÐUR: STARFSFÓLK Í GRUNNSKÓLUM, STARFSSVIÐ, KENNSLURÉTTINDI OG BAKGRUNNUR

Gögn um starfssvið og kennsluréttindi starfsfólks í grunnskólum og aldur og kyn sérkennara og stuðningsfulltrúa eru frá öðru hverju ári á árabílinu 2003-2011 og að auki frá árinu 2012.

8.1 Skólastjórar

Fjöldi skólastjóra hefur haldist nokkuð stöðugur á tímabilinu sem um ræðir. Þegar teknar eru saman tölur yfir alla stjórnendur (skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra) er heildarfjöldi þeirra á landinu nánast sá sami við upphaf og lok tímabilsins en öðrum stjórnendum fjölgaði talsvert á árabílinu 2005 til 2009 (mynd 39). Hlutfall skólastjóra af stjórnendum alls er nánast hið sama við upphaf og lok tímabilsins en fór úr 36% í 35%. Heildarfjöldi stjórnenda fór hæst í 600 manns árið 2009 en var 494 við lok tímabilsins sem er um það bil 18% fækkun. Hlutfall skólastjóra af heildarfjölda stjórnenda var þó lægst um þetta leyti (miðbik tímabilsins) eða 30-32% þar sem fjölgunin var í hópi annarra stjórnenda (mynd 39).




Mynd 39: Fjöldi skólastjóra og annarra stjórnenda árin 2003 til 2012

Það heyrir til undantekninga að stjórnendur grunnskóla á landinu séu án kennsluréttinda. Skólastjórar á landinu árið 2012 voru 171 talsins og allir með réttindi eins og árin tvö þar á undan sem mælingarnar ná yfir. Árin 2005 og 2007 voru þrjú skólastjórar á landinu án réttinda og árið 2003 var einn skólastjóri án réttinda. Allir skólastjórar á tímabilinu í landshlutunum Suðurnesjum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra voru með kennsluréttindi, þau ár sem til umfjöllunar eru. Einn skólastjóri á Vesturlandi var án kennsluréttinda árin 2003, 2005 og 2007. Einn skólastjóri á höfuðborgarsvæðinu var án kennsluréttinda á tímabilinu, nánar tiltekið árið 2005. Það ár var einnig einn skólastjóri án kennsluréttinda á Suðurlandi. Einn skólastjóri á Vestfjörðum var án kennsluréttinda árið 2007 og sömuleiðis á Austurlandi¹⁸.

¹⁸ Þar sem aðeins annað hvert ár er tekið með í gagnasafnið er ekki ljóst hvort skólastjórar án réttinda hafi starfað í einhverjum landshlutum þau ár sem ekki eru tekin með.

Fáir aðstoðarskólastjórar og deildarstjórar í grunnskólum á landsvísu eru án kennsluréttinda. Suðurnes og Vestfirðir eru einu landshlutarnir þar sem aðstoðarskólastjórar og deildarstjórar eru í öllum tilvikum með kennsluréttindi. Í hinum landshlutunum eru einn til þrjú þessara stjórnenda án kennsluréttinda.


Suðurnes er eini landshlutinn þar sem allir stjórnendur (skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og deildarstjórar) eru með kennsluréttindi allt tímabilið sem til umfjöllunar er. Hlutfall réttindalausra meðal stjórnenda í grunnskólum landsins er aðeins 1-2% öll árin, sjá mynd 40.



Mynd 40: Stjórnendur (skólastjórar og aðrir stjórnendur) með og án kennsluréttinda árin 2003 til 2012


8.2 Kennarar

Fjöldi kennara alls (með og án kennsluréttinda) er nú um það bil sá sami og í upphafi tímabilsins eftir að hafa fjölgað lítillega um miðbik tímabilsins. Hlutfall réttindalausra sem starfa við grunnskólakennslu hefur þó lækkað jafnt og þétt á landsvísu á áratugnum sem um ræðir, eða úr 20% í 4% af heildarfjölda þeirra sem starfa við kennslu (mynd 41).



Mynd 41: Kennarar með réttindi og starfsfólk án réttinda árin 2003 til 2012

Sett voru saman gögn um fyrirkomulag sérkennslu og fjölgun kennara með kennsluréttindi í mynd 42. Þar sést að samhliða fjölgun kennara með réttindi hefur fjölgun átt sér stað í nemendahópnum sem fær sérkennslu bæði innan bekkjar og utan. Hins vegar hefur orðið fækkun í hópnum sem einungis fær sérkennslu innan bekkjar.




Mynd 42: Fjöldi nemenda í sérkennslu innan og utan bekkjar og fjöldi kennara með kennsluréttindi.

Þegar þróunin í mismunandi landshlutum er skoðuð fyrir viðmiðunarárin þrjú, 2003, 2009 og 2012, kemur meðal annars í ljós að á höfuðborgarsvæðinu fór hlutfall réttindalausra úr 10% árið 2003 í 4% árið 2009 og 2% árið 2012, sjá myndir 43-45. Þróunin er sú sama í öðrum landshlutum, það er hlutfall réttindalausra minnkar. Utan höfuðborgarsvæðisins hefur hlutfall réttindalausra kennara í grunnskólum lækkað úr 32% árið 2003 í 8% árið 2012.


Heildarfjöldi kennara í grunnskólum (með og án réttinda) hefur minnkað í öllum landshlutum nema á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu. Kennurum með kennsluréttindi hefur fjölgað og réttindalausum fækkað í öllum landshlutum á tímabilinu¹⁹. Hlutfall réttindalausra sem sinna kennslu í grunnskólum landsins hefur verið hæst á Vestfjörðum á tímabilinu og var nær helmingur kennara án kennsluréttinda í byrjun tímabilsins en hlutfallið hefur lækkað undanfarin ár og var 16% árið 2012. Hlutfall réttindalausra er nú undir 10% alls staðar nema á

¹⁹ Fækkun réttindalausra getur bæði hafa verið í formi brotthvarfs úr kennslu eða með því að þeir sem starfa við kennslu hafi bætt við sig námi og réttindum og þannig flust í hóp kennara með réttindi.


Vestfjörðum (16%) og Austurlandi (13%). Réttindalausum hefur fækkað mest á Norðurlandi vestra, þ.e. úr 66 í 12 eða um 82% á tímabilinu, og á Suðurlandi úr 112 í 22, eða um 82% á öllu tímabilinu.



Mynd 43: Kennarar með kennsluréttindi og starfsfólk án kennsluréttinda eftir landshlutum árið 2003




Mynd 44: Kennarar með kennsluréttindi og starfsfólk án kennsluréttinda eftir landshlutum árið 2009



Mynd 45: Kennarar með kennsluréttindi og starfsfólk án kennsluréttinda eftir landshlutum árið 2012

8.3 Aldur og kyn sérkennara

Gögn um aldur og kyn sérkennara eru frá öðru hverju ári á árabílinu 2003-2011 og að auki frá árinu 2012. Sérkennurum hefur fækkað nokkuð allra síðustu ár eftir fjölgun sem sérstaklega varð á milli áráanna 2005 og 2007 eða um 45%. Mikill meirihluti sérkennara eru konur, eða níu af hverjum tíu sérkennurum, og hefur það hlutfall kvenna haldist nokkuð stöðugt á tímabilinu sem um ræðir að undanskildu fyrsta árinu (2003) þegar hlutfall kvenna var aðeins lægra eða 85% (mynd 46)²⁰.




Mynd 46: Sérkennarar á landinu öllu eftir kyni árin 2003 til 2012

Flestir sérkennarar hafa verið í aldurshópnum 55 ára og eldri síðustu tvö árin en fram að því var aldurshópurinn 40-54 ára stærstur. Yngsti hópurinn varð stærstur árið 2007 þegar heildarfjöldi sérkennara var einnig mestur á tímabilinu. Síðan þá hefur fækkað um helming í yngsta hópnum sem endurspeglar hækkandi aldur (mynd 47).


²⁰ Ekki kemur fram í gögnum hverjir hafa lokið sérkennslunámi. Sjá grein Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2014, um fjölda sérkennara.)

Hluttur hvers aldurshóps í heildarfjölda sérkennara á landinu sést betur á næstu mynd þar sem elsti aldurshópurinn hefur farið nær stöðugt vaxandi á tímabilinu en sérkennurum á aldrinum 40-54 ára hefur fækkað úr nærri tveimur þriðju í 39%. Um er að ræða tíu ára tímabil sem endurspeglar hækkandi aldur stéttar sérkennara.




Mynd 47: Hlutfallsleg aldursskipting sérkennara á öllu landinu árin 2003-2012

Landsbyggðin er skoðuð sem heild þar sem tölur um einstaka landshluta taka til of fárra sérkennara. Þegar borin eru saman landsbyggðin sem heild annars vegar og höfuðborgarsvæðið hins vegar kemur í ljós að þrátt fyrir að konur séu í miklum meirihluta sérkennara allt tímabilið er hluttur karla ívið skárri á höfuðborgarsvæðinu þar sem hann er alltaf yfir 10% og allt upp í 16%. Á landsbyggðinni er hlutfall karla yfirleitt undir 10% og fer allt niður í 6% í lok tímabilsins. Að meðaltali er aðeins einn af hverjum tíu sérkennurum karl á tímabilinu og hefur kynjahlutfallið ekki orðið jafnara með árunum heldur virðist sem hluttur karla minnki enn, þar sem konur voru 94% sérkennara á landsbyggðinni í lok tímabilsins (mynd 48).




Mynd 48: Sérkennarar á landsbyggðinni eftir kyni árin 2003 til 2012




Mynd 49: Sérkennarar á höfuðborgarsvæðinu eftir kyni árin 2003 til 2012

Aldursskipting sérkennara á höfuðborgarsvæðinu er dálítið frábrugðin landsbyggðinni. Aldurshópurinn í miðið eða á aldrinum frá 40 til 54 ára er stærstur öll árin á landsbyggðinni en minnkar yfir tímabilið á höfuðborgarsvæðinu og þar er elsti aldurshópurinn stærstur frá 2009 (mynd 50).




Mynd 50: Hlutfallsleg aldursskipting sérkennara á landsbyggðinni árin 2003 til 2012



Mynd 51: Hlutfallsleg aldurskipting sérkennara á höfuðborgarsvæðinu árin 2003 til 2012


8.4 Aldur og kyn stuðningsfulltrúa

Gögn um aldur og kyn stuðningsfulltrúa við grunnskóla á Íslandi eru frá öðru hverju ári á árabilinu 2003-2011 og að auki frá árinu 2012. Þar eru konur í miklum meirihluta þótt hlutur karla hafi farið vaxandi síðustu ár eða úr 6% í 17% frá byrjun til loka tímabilsins. Stuðningsfulltrúum í heild hefur fjölgað um rúm 19% frá byrjun til loka tímabilsins, úr 546 í 675 (mynd 52).




Mynd 52: Stuðningsfulltrúar á landinu öllu eftir kyni árin 2003 til 2012

Yngsti aldurshópurinn er fjölmennastur meðal stuðningsfulltrúa í lok tímabilsins öfugt við það sem við á um sérkennara en hlutfallslega hefur fjölgunin orðið mest í elsta aldurshópnum sé litið á tímabilið sem heild (mynd 53).




Mynd 53: Hlutfallsleg aldurskipting stuðningsfulltrúa á öllu landinu árin 2003 til 2012

Þegar kemur að aldurskiptingu stuðningsfulltrúa á höfuðborgarsvæðinu kemur í ljós að í lok tímabilsins fjölga talsvert í yngsta hópnum sem ber vott um nokkra nýliðun (mynd 54).




Mynd 54: Hlutfallsleg aldurskipting stuðningsfulltrúa á höfuðborgarsvæðinu árin 2003 til 2012

Svipaða sögu er að segja af kynjahlutfalli innan hóps stuðningsfulltrúa á höfuðborgarsvæðinu og á landinu öllu, þ.e. um tveir af hverjum tíu stuðningsfulltrúum eru karlar undir lok tímabilsins á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni er hlutfallið rúmlega einn af hverjum tíu undir lok tímabilsins (mynd 55).




Mynd 55: Stuðningsfulltrúar á landsbyggðinni eftir kyni árin 2003 til 2012

Aldurshópurinn 40-54 ára er fjölmennastur meðal stuðningsfulltrúa á öllu tímabilinu. Ekki virðist sama fjölgun í yngsta aldurshópnum á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu sé litið til tímabilsins í heild þar sem fjöldinn er sá sami og í byrjun tímabils en fjölgun hefur átt sér stað í yngsta aldurshópnum undanfarin ár eftir fækkun á milli árunna 2003 og 2005 (mynd 56).



Mynd 56: Hlutfallsleg aldurskipting stuðningsfulltrúa á landsbyggðinni árin 2003 til 2012

Sérkennurum hefur farið fækkandi undir lok tímabilsins en þeir eru þó um 62% fleiri við lok tímabilsins en í byrjun tímabilsins. Hins vegar má segja að stuðningsfulltrúum hafi fjölgað á tímabilinu öllu þó fjöldinn standi nokkurn veginn í stað síðustu tvö ár tímabilsins (mynd 57).




Mynd 57: Sérkennarar og stuðningsfulltrúar á landinu árin 2003 til 2012

8.5 Brotthvarf úr starfi


Brotthvarf starfsfólks úr starfi stjórnenda, kennara og stuðningsfulltrúa var tekið saman fyrir árabilið 2002-2013 með þeim hætti að fjöldi þeirra sem hvarf úr starfi af öðrum orsökum en fyrir aldurs sakir var uppgjefinn fyrir tveggja ára bil, annað hvert ár. Árabilið 2002-2003 á þannig við um þá sem voru í starfi 2002 en ekki 2003, þ.e. þá sem hurfu úr starfi við grunnskólana. Á mynd 58 kemur fram að árlegt brotthvarf kennara á höfuðborgarsvæðinu er undir lok tímabilsins áþekkt því sem það var í byrjun tímabilsins eða 326 kennarar sem hurfu úr starfi á milli árunna 2012 og 2013, miðað við 307 kennara sem hurfu úr starfi á milli árunna 2002 og 2003. Um miðbik tímabilsins var þessi tala þó yfir 400 kennarar, en 446 kennarar á höfuðborgarsvæðinu hurfu úr starfi á milli árunna 2006 og 2007 eða 45% fleiri en í byrjun tímabilsins. Flestir stjórnendur hættu á milli árunna 2010 og 2011 eða 44 sem er meira en tvöföldun frá byrjun tímabilsins, en brotthvarf stjórnenda á höfuðborgarsvæðinu lækkaði aftur niður í 26 í lok tímabilsins. Brotthvarf

stuðningsfulltrúa á höfuðborgarsvæðinu hefur verið nokkuð stöðugt í kringum 70 stuðningsfulltrúa á ári allt tímabilið, þar til á milli árunna 2012 og 2013 að 135 stuðningsfulltrúar hurfu úr starfi sem er meira en tvöföldun á brotthvarfinu á milli árunna næst á undan (mynd 58).



Mynd 58: Brotthvarf stjórnenda, kennara og stuðningsfulltrúa úr starfi á milli ára á höfuðborgarsvæðinu

Þróunin á landsbyggðinni virðist aðeins frábrugðin þróuninni á höfuðborgarsvæðinu þar sem ekki varð til dæmis aukning á brotthvarfi kennara í kringum árið 2007 eins og á höfuðborgarsvæðinu (mynd 59). Árlegt brotthvarf kennara á landsbyggðinni hefur verið á bilinu 315-360 kennarar á ári þar til undir lok tímabilsins að talan fór undir 300 en 293 kennarar hurfu úr starfi á milli árunna 2012 og 2013. Brotthvarf stjórnenda á landsbyggðinni fór hæst í 36 manns á milli árunna 2010 og 2011 en hefur annars verið á bilinu 24 til 30 manns á ári á tímabilinu. Brotthvarf stuðningsfulltrúa hefur aukist úr 46 í byrjun tímabilsins í 74 í lok tímabilsins sem er 61% aukning (sjá nánar mynd 59).



Mynd 59: Brotthvarf stjórnenda, kennara og stuðningsfulltrúa úr starfi á milli ára á landsbyggðinni

9 HEIMILDASKRÁ

Dóra S. Bjarnason og Gretar L. Marinósson. 2007. **Kenningaleg sýn.** Í Grétar Marinósson (ritstj.). Tálmar og tækifæri. Menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason. 2011. **Þróun náms í sérkennslufræðum við HÍ.** Glæður 21, bls. 34-40.

Hagstofa Íslands. 2009. **ÍSTARF95 Íslensk starfaflokkun með skýringum og dæmum.** 2. útgáfa. Byggð á alþjóðlega staðlinum ISCO-88.

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. 2014. **Skóli án aðgreiningar. Samantekt á lögum og fræðilegu efni.** Menntavísindasvið.

Reykjavíkurborg, Menntasvið. 2010. **Ársskýrsla Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2009.**

10 VIÐAUKI

Vorskýrsla grunnskóla fyrir skólaárið 2013-2014

Vinsamlegast skilið skýrslunni ekki síðar en 10. júní 2014

Heiti skóla
Kennitala skóla
Tölvupóstfang skóla
Skýrsluna útfyllti
Sími þess sem fyllir út

nr:

Skýrslan skjálf er á fimm síðum, (sjá flípa neðst á síðunni).

1. Forsíða
2. Fjöldi skóladaga
3. Fjöldi nemendastunda
4. Sérkennsla
5. Sérkennsla frh. (nýtt vorið 2011)

Útfylling eyðublaða

Fylla skal út hvíta reiti á eyðublöðunum. Gulir reitir eru samtölureitir og fyllast út sjálfvirkt. Skýringar má fá með því að færa bendilinn á viðkomandi lið (lítill rauður þríhyrningur).

Sending skýrslu til Hagstofu

Mælt er með að skólastjórnendur prenti út skýrsluna til að eiga hjá sér áður en skýrslan er send. Gefið skýrslunni auðkennandi heiti þar sem fram kemur nafn skólans og vistið.

Til að senda Hagstofu skýrsluna með tölvupósti, þarf að vista skýrsluna niður og senda sem við á almennum tölvupósti. Nánari upplýsingar í síma 528-1042.

Skráið netfangið haukur.palsson@hagstofa.is sem viðtakanda

Ef ekki reynist unnt að senda skýrsluna með tölvupósti, má vista hana, prenta út og senda til Hagstofu

Hagstofa Íslands
Mennta-og menningarmál
Borgartúni 21a
150 Reykjavík

Skóladagar skólaárið 2013-2014

0

Fyllið út hvíta reiti (gulir reitir eru samtölureitir sem fyllast sjálfvirkt út)

Hægt er að fá nánari skýringar með því að setja bendilinn yfir rauða táknið

Starfstími skóla í mánuðum :

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Kennsla hófst (dd.mm.yyyy)										
Síðasti skóladagur										
Skóladagar alls	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Kennsludagar										
Prófdagar										
Aðrir skóladagar										
Dagar sem kennsla féll niður										
Starfsdagar kennara á kennslutímabili	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
utan kennslutímabils										
Athugasemdir/skýringar	<input type="text"/>									

Nemendastundir (miðað við stundatöflu skólaárið 2013-2014)

0

Fyllið út hvíta reiti. Gulir reitir fyllast út sjálfvirkt

Skráðið í mínútum

	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.	8. b.	9. b.	10. b.
Nemendastundir á viku	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Íslenska										
Stærðfræði										
Enska										
Danska										
Heimilisfræði										
Íþróttir (þ.m.t. sund)										
Listir										
Lífsleikni										
Náttúrufræði										
Samfélagsgreinar/kristinfræði - þar af kristinfræði										
Upplýsinga- og tæknimennt										
Annað og ótilgreint										

Í efri töfluna færast fjöldi mínútna sem nemendur sækja í hverri námsgrein eftir bekkjardeildum. Leitast skal við að flokka sem flestar kenndar námsgreinar niður á þau námsgreinaheiti sem fyrir koma í töflunni (t.a.m. myndi líffræði flokkast sem náttúrufræði o.s.frv.). Í ár er sett inn sér lína fyrir **þar af** kennslustundir í kristinfræði Miða skal við meðalfjölda samkv. stundatöflu skólaárið 2013/2014. Þar sem samþætting námsgreina er ríkjandi kennsluform skal leitast við að áætla fjölda mínútna sem varið er til einstakra þátta. Ef útilokað reynist að áætla tímamagnið vegna samþættingar kennslugreina skal skrá heildarmínútnufjöldann í liðinn „Annað og ótilgreint“. Þar skal einnig skrá aðrar greinar (s.s. valgreinar) sem ekki falla undir önnur námsgreinaheiti.

Í neðri töfluna skal skrá **kennslumínútur og fjölda** nemenda sem stunda nám í erlendum tungumálum. Hér skal skrá fjölda nemenda í ensku og dönsku og mínútur og fjölda nemenda í öðrum Norðurlandamálunum og einnig ef um valgrein er að ræða t.d. þar sem nemendur leggja stund á þýsku, frönsku eða spænsku. **Ef um önnur tungumál er að ræða vinsamlegast skráið þau í athugasemdir og tilgreinið mínútur, fjölda nemenda og**

Gerðið nánar grein fyrir tímamagni og nemendafjölda í erlendum tungumálum:

	Enska		Danska		Norska		Sænska		Þýska		Franska		Spænska	
	Mín	Nemendur	Mín	Nemendur	Mín	Nemendur	Mín	Nemendur	Mín	Nemendur	Mín	Nemendur	Mín	Nemendur
Alls		0		0		0		0		0		0		0
1.bekkur	0		0											
2.bekkur	0		0											
3.bekkur	0		0											
4.bekkur	0		0											
5.bekkur	0		0											
6.bekkur	0		0											
7.bekkur	0		0											
8.bekkur	0		0											
9.bekkur	0		0											
10.bekkur	0		0											

Athugasemdir;
önnur tungumál

Sérkennsla

Eins og undanfarin ár er spurt er um þá tíma á viku sem skólinn hefur til að sinna sérkennslu. Þá er átt við hversu margar kennslustundir skólinn hefur til ráðstöfunar. **Dæmi:** Einn sérkennari starfar við skólann og kennir 20 tíma í sérkennslu og annar almennur kennari sinnir sérkennslu í 4 tíma á viku. Samtals hefur því skólinn 24 tíma til ráðstöfunar. Hér skal einnig skrá vinnustundir talkennara og þroskaþjálfara.

Hversu margar kennslustundir hefur skólinn til sérkennslu á viku:

og hins vegar

Hversu margar klukkustundir hefur skólinn til sérkennslu á viku, hér er átt við vinnuframlag t.d. stuðningsfulltrúa og uppeldisfulltrúa sem vinna undir stjórn kennara/sérkennara í klukkustundum talið:

Hversu margir nemendur nutu einhverrar sérkennslu á sl.skólaári. Vinsamlegast greinið niður eftir bekk, kyni og því hvort sérkennslan fór fram inni í bekk, í sérstakri skólastofu/sérkennslustofu eða hvort tveggja. **Hver nemandi er talinn einu sinni.** Ekki er gerður greinarmunur á nemendum sem fá aðstoð allan veturinn eða þeim sem njóta tímabundins stuðnings t.d. í 2 tíma á viku í 4-6 vikur. Formlegir sérdeildarnemendur eru skráðir sérstaklega neðst í töfluna.

Sérkennsla	Í veri		Í bekk		Bæði		Samtals
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	Alls
1. bekkur							0
2. bekkur							0
3. bekkur							0
4. bekkur							0
5. bekkur							0
6. bekkur							0
7. bekkur							0
8. bekkur							0
9. bekkur							0
10. bekkur							0
11. sérdeild							0
Alls	0	0	0	0	0	0	0

Nýtt vorið 2011. Vinsamlegast fyllið út frekari spurningar um sérkennslu á næstu síðu.

Sérkennsla 2

Á þessari síðu er spurt nánar um sérkennslu í þínum skóla sl. skólaár. Í fyrsta dálki (Alls) er sama samtala og á síðunni á undan. Undir **formlegri greiningu** er spurt um nemendur sem hafa formlega greiningu, hvort heldur sem er frá Greiningar-og ráðgjafarstöð ríkisins eða sjálfstætt starfandi aðila. Með **tungumáli** er átt við þá nemendur sem þurftu aðstoð í íslensku því þeir hafa annað tungumál að móðurmáli. Í dálkinn **sérdeild** á að skrá þá nemendur, sem eru í formlegri sérdeild, sé hún starfandi í þínum sk Undir **aðrir** á að skrá þá aðra nemendur sem hafa fengið sérkennslu/stuðning á árinu - en falla ekki undir hina flokkana.

Sérkennsla	Formleg greining		Tungumál		Sérdeild		Aðrir		
	Alls	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
		nemendur sem eru með formlega greiningu (Greiningar-og ráðgjafarstöð, sjálfstætt starfandi og/eða viðurkenndur aðili)		þurfa aðstoð í íslensku vegna þess að íslenska er ekki móðurmál þeirra. Skiptir ekki máli hvort þeir séu með formlega greiningu eða ekki		Hér á einungis að skrá þá nemendur sem eru í sérdeild eða sérbekk, þ.e.meira en 80% tíma nemandans er hann í slíku úrræði		Hér kæmu nemendur sem fá stuðning, en eru ekki með formlega greiningu, ekki með aðstoð vegna móðurmáls og ekki í sérdeild	
Bekkur	Alls	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
1. bekkur									
2. bekkur									
3. bekkur									
4. bekkur									
5. bekkur									
6. bekkur									
7. bekkur									
8. bekkur									
9. bekkur									
10. bekkur									
Alls		0	0	0	0	0	0	0	0

Takk fyrir